



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni tillögu: Viðbótarfjármagn vegna samnings um rekstur Konukots

Lagt er til að samningsupphæð við Rótina um rekstur neyðarskýlis fyrir húsnæðislausar konur verði aukin um 8,5 m.kr. á ári frá núgildandi samningi til að hægt verði að mæta starfsmati sem leiddi til launahækkana. Óskað er eftir að breytingin taki gildi frá og með 28. apríl 2022 eða frá þeim tíma er starfsmatið á starfi við þjónustu heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt.

Aukinn kostnaður á árinu 2022 yrði 5,7 m.kr. en 8,5 m.kr. á ári eftir það. Kostnaður rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 19. ágúst 2020 var samþykkt tillaga sviðsstjóra um að Rótinni verði falið að reka neyðarskýli fyrir konur (Konukot) að Eskihlíð til 3ja ára. Gildistími samningsins er til 1. október 2023.

Á fundi þann 8. desember 2021 samþykkti velferðarráð tillögu sviðsstjóra um að samningsupphæðin við Rótina yrði aukin um 29 m.kr. Hætt yrði að reiða sig á framlag sjálfbóðaliða og breytingar gerðar á vaktaráætlun því fylgjandi. Að auki var bætt við stöðu teymisstýru og breytingar gerðar á launaröðun forstöðukonu vegna þeirrar þjónustu sem starfsmenn munu veita konum sem búa í smáhúsum í nágrenni Konukots.

Þann 29. ágúst 2022 barst erindi frá Rótinni þar sem óskað er eftir því að Reykjavíkurborg geri viðaukasamning við Rótina vegna breytinga á starfsmati starfsfólks í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir, sem valda ófyrirséðum kostnaði á launum í Konukoti. Rótin er með kjarasamning við Eflingu þar sem félagið er skuldbundið að fylgja samningum Reykjavíkurborgar fyrir fólk í sömu störfum. Því er ljóst að félagið er skuldbundið til að greiða starfskonum þær hækkningar á launaflokkum sem starfsmatsnefnd hefur ákveðið og einnig aftur í tímann. Þessar breytingar á launum ásamt aukahækkun í apríl, svokölluðum hagvaxtarauka, valda því að launakostnaður er nokkrum milljónum hærrí en útreikningar Rótarinnar gerðu ráð fyrir á þessu ári og því næsta.

Félagið stendur frammi fyrir þeim vanda að ekki er ákvæði í samningi Rótarinnar við Reykjavíkurborg sem tryggir að greiðslur til Rótarinnar vegna launa starfskvanna í Konukoti fylgi breytingum á lögbundnum greiðslum skv. taxta Eflingar og tryggi þar með að starfskonur í Konukoti njóti sömu kjara og starfsfólk í gistiskýlum sem rekin eru fyrir karla á vegum Reykjavíkurborgar.



Reykjavíkurborg

Rótin óskar eftir því að Reykjavíkurborg geri viðaukasamning við Rótina sem tryggir greiðslur í samræmi við kjarasamninga Eflingar. Ef ekki nást samningar segist Rótin ekki sjá fram á að félagið geti tryggt starfsemi í Konukoti og því gæti komið til uppsagnar á samningi.

Fylgiskjal:

Jafnréttisskimun, dags. 30. september 2022.